



Til	Forsætisnefndar
Afrit	Ritarafundur
Frá	Skrifstofu Norðurlandaráðs
Efni	Viðmiðunarreglur um fundi með ráðherrum þar sem forsætisnefnd kemur fram fyrir hönd þingfundar (Skjal 2b) – Kemur í stað „Reglna um þingsköp 2020“

Viðmiðunarreglur um fundi með ráðherrum þar sem forsætisnefnd kemur fram fyrir hönd þingfundar (Skjal 2b)

Fundarstjórn

Forseti Norðurlandaráðs stýrir fundum með ráðherrum þar sem forsætisnefnd kemur fram fyrir hönd þingfundar.

Ræðutími

Fulltrúum ríkisstjórnanna gefst 3 mínútna ræðutími til skýrslugjafar, umfjöllunar eða kynningar tillagna fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar eða norrænu ríkisstjórnanna. Ræðutími fulltrúa ríkisstjórnanna fyrir aðrar ræður er 2 mínútur. Þingmönnum Norðurlandaráðs gefst 3 mínútna ræðutími til skýrslugjafar, umfjöllunar eða kynningar tillagna fyrir hönd Norðurlandaráðs. Ræðutími þingmanna Norðurlandaráðs fyrir aðrar ræður er 2 mínútur.

Spurningar/andsvör

Þingmönnum Norðurlandaráðs og fulltrúum ríkisstjórnanna gefst kostur á að bera upp spurningu eða veita andsvar við ræðum einu sinni.

Ræðutími fyrir spurningar eða andsvör er 1 mínúta.

Sá sem andsvari er beint til fær tækifæri til að svara í beinu framhaldi af því.

Ræðutími fyrir svör við spurningum eða andsvörum er 1 mínúta.

Röð ræðumanna

Af fulltrúum ríkisstjórnanna kemur formennskulandið fyrst og því næst Færeyjar og Grænland sem einnig taka þátt í formennskuáætluninni. Þá koma löndin í stafrófsröð og rekur Ísland lestina þar sem til stóð að halda þingið í Reykjavík.

Af þingmönnum Norðurlandaráðs koma fulltrúar formennskulandsins fyrst og þá fulltrúar flokkahópa í stærðarröð.

Túlkun

Túlkað verður frá dönsku/norsku/sænsku á finnsku og íslensku og öfugt.



Fyrirkomulag fundar

Fundurinn er lokaður og verður honum hvorki streymt né hann tekinn upp.

Fundargerð

Forsætisnefnd færir ákvarðanafundargerð þar sem gert er ráð fyrir að tillögur að ákvörðunum verði að fundurinn tileinki sér upplýsingar úr skýrslunum og umræðunum. Ekki verður færð tæmandi skrifleg fundargerð um flutt erindi en umræðan verður skráð í fundargerðinni í formi stuttrar samantektar.

Embættismenn

Beðið er um að hverjum ráðherra fylgi að hámarki þrjú embættismenn.